

KALDALÓN

FUNDARBOÐ

Stjórn Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík hefur borist beiðni frá SKEL fjárfestingarfélagi hf. um að boðað verði til hluthafafundar í félaginu og efnt þar til stjórnarkjörs. SKEL fjárfestingarfélag hf. á meira en 1/20 hlutafjár í Kaldalón hf. og ber stjórn Kaldalóns því að boða til hluthafafundar. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 25. maí 2022, kl 17:00, í Kornhlöðunni, Bankastræti 2, 101 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins.
2. Önnur mál.

Ekki verður boðið upp á rafrænar þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð við upphaf fundar.

Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið kaldalon@kaldalon.is lýkur fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 17:00 föstudaginn 20. maí 2022. Í tilkynningu skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu og vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum. Til þess að tillögur frá hluthafa verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins með nægilegum fyrirvara svo unnt verði að taka málið á dagskrá, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 17:00 sunnudaginn 15. maí 2022.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn má finna á vefsíðu félagsins, www.kaldalon.is.

Reykjavík, 4. maí 2022

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Almar Þ. Möller
stjórnarformaður